



SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA

ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION

Alþingi

Erindi nr. P 128/126

komudagur 21.11.2002

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2002.

FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGAR Á LÖGUM UM SKRÁNINGU
SKIPA NR 115/1985, 157. MÁL.
UMSÖGN SAMBANDS ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða, SÍK, þakkar bréf samgöngunefndar Alþingis dags 30. október s.l. þar sem óskað er umsagnar SÍK um ofangreint frumvarp til laga um breytingar á lögum um skráningu skipa nr 115/1986.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða vekur athygli á að ónákvæmt orðalag í því frumvarpi sem fyrir liggur mætti, sé það tekið úr samhengi, túlka á þá leið að þau gildi einnig um þær heimildir sem þegar er að finna í lögum um þurrleigu-skráningu kaupskipa. Samband íslenskra kaupskipaútgerða leggur því til að þar sem orðið "skip" kemur fyrir í texta frumvarpsins, skuli í stað þess nota "fiskiskip" þessu til áréttingar. Heppilegast væri að hafa þær greinar laganna sem fjalla um þurrleiguskráningu kaupskipa annars vegar og fiskiskipa hins vegar sem aðskildar greinar í lögum um skráningu skipa.

Að öðru leyti gerir Samband íslenskra kaupskipaútgerða ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt
Samband íslenskra kaupskipaútgerða

Ólafur J. Briem